

# 236. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 25. ÁGÚST 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Úrskurðarnefnd.  
Stórólfshvolssókn – sáttatilboð.
3. Kirkjujarðasamkomulagið.  
Staða mála.
4. Minnisblað til biskups vegna launa yfirmanna á Biskupsstofu.
5. Tónskólinn, erindi frá kirkjutónlistarráði.
6. Erindi frá nefnd um endurskoðun á starfsreglum um kjör til Kirkjubings.
7. Minnisblað frá nefnd um val og veitingu prestsembætta.
8. Fjármál.
  - a) Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2015.
  - b) Jöfnunarsjóður vegna ársins 2016.
9. Önnur mál.
  - a) Reynivallaprestakall.
  - b) Aðalbókari Biskupsstofu lætur af störfum 1. september nk.
  - c) Fyrirspurn frá kirkjuráðsmanni varðandi framtíðarhúsnæði Biskupsstofu.
  - d) Fyrirspurn frá kirkjuráðsmanni varðandi kynningarmál Biskupsstofu.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Biskupsritari vék af fundi undir dagskrárlið 4, framkvæmdastjóri annaðist fundarritun undir þeim lið.

Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókari Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárlið 8a.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri fjármála, sat fundinn undir dagskrárlið 8b.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 235. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. ÚRSKURÐARNEFND

---

Stórólfshvolssókn - sáttatilboð.

Kirkjuráð hafði árið 2010 veitt vilyrði fyrir úthlutun fjármagns er varðar undirbúning að byggingu nýrrar kirkju á Hvolsvelli. Vilyrðið var veitt með skilyrðum um fjármögnun, kostnaðaráætlun og þarfagreiningu. Kirkjuráð taldi að sóknarnefndin hafi ekki uppfyllt þau skilyrði á sínum tíma. Fulltrúar sóknarinnar sendu málið til Úrskurðarnefndar.

Á fundi Úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar þann 19. ágúst 2015 lagði talsmaður málshefjenda í málinu fram sáttatilboð til talsmanns gagnaðila.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kynna Úrskurðarnefnd gagnaðila kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með sóknarnefnd Stórólfshvolssóknar.

---

## 3. KIRKJUJARÐASAMKOMULAGIÐ

---

Aukakirkjuþing var haldið í Grensáskirkju föstudaginn 14. ágúst sl. Eitt mál var á dagskrá þingsins en það var tillaga innanríkisráðherra til þingsályktunar um viðaukasamning við samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Tillagan fjallaði um beiðni innanríkisráðherra um að þjóðkirkjan veitti ríkisvaldinu afslátt af afgangi kirkjujarða sjötta árið í röð. Kirkjuþing hafnaði tillögu ráðherra.

Biskup kynnti stöðu málsins.

---

#### 4. MINNISBLAÐ TIL BISKUPS UM LAUNAKJÖR YFIRMANNA Á BISKUPSSTOFU

---

Að beiðni kirkjuráðsmanns óskaði biskup eftir því við óháðan ráðgjafa að launakjör stjórnenda á Biskupsstofu yrðu skoðuð. Minnisblað óháðs ráðgjafa, Ingu Rúnar Ólafsdóttur, var lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að skipa nefnd til að skoða m.a. launakjör, starfslýsingar og stofnanasamninga á Biskupsstofu, sbr. 3. lið á minnisblaði Ingu Rúnar. Biskup mun kynna niðurstöðu nefndarinnar fyrir Kirkjuráði.

---

#### 5. TÓNSKÓLINN, ERINDI FRÁ KIRKJUTÓNLISTARRÁÐI

---

Erindi frá kirkjutónlistarráði frá 20. ágúst sl. lagt fram til kynningar, ásamt skýrslu kirkjutónlistarráðs um fjármál tónlistarmála kirkjunnar 2014-2015 og fundargerðum kirkjutónlistarráðs frá 18. og 25. júní sl.

Kirkjutónlistarráð óskar eftir viðbótarfjármagni vegna ársins 2015.

Biskup kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

---

#### 6. ERINDI FRÁ NEFND UM ENDURSKOÐUN Á STARFSREGLUM UM KJÖR TIL KIRKJUÞINGS

---

Á kirkjuþingi árið 2014 var samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings. Hjördís Stefánsdóttir, Ragnhildur Benediktsdóttir og séra Gísli Gunnarsson voru skipuð í nefndina. Í skipunarbréfi nefndarmanna er tekið fram að nefndin skuli skila tillögum sínum til kirkjuþings 2015. Nefndin hefur unnið að endurskoðuninni og hefur við þá vinnu lagt áherslu á að einfalda reglurnar, gera þær skýrari og aðgengilegri. Nefndin fer þess á leit við kirkjuráð, í ljósi þess að kosning til kirkjuþings fer ekki fram fyrr en árið 2018, að fá heimild til þess að skila tillögum sínum til kirkjuþings 2016 í stað 2015. Áfangaskýrsla mun verða send kirkjuráði í september nk.

Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni heimild til að skila málinu af sér á kirkjuþingi 2016 í stað 2015. Áfangaskýrsla verður flutt af nefndinni á kirkjuþingi 2015.

---

#### 7. MINNISBLAÐ FRÁ NEFND UM VAL OG VEITINGU PRESTSEMBÆTTA

---

Minnisblað, er varðar starfsreglur um val og veitingu prestsembætta, frá formanni löggjafarnefndar kirkjuþings og fv. framkvæmdastjóra kirkjuráðs frá 24. ágúst sl. lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela löggjafarnefnd að undirbúa tillögur að breytingum á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta fyrir kirkjuþing 2015.

---

## 8. FJÁRMÁL

---

a) *Drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2015.*

Aðalbókari Biskupsstofu kynnti málið.

b) *Jöfnunarsjóður vegna ársins 2016.*

Verkefnisstjóri fjármála kynnti umsóknir í Jöfnunarsjóð sókna vegna ársins 2016.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

a) *Reynivallaprestakall Kjalarnessprófastsdæmi.*

Biskupafundur óskaði í byrjun árs eftir umsögnum safnaðarfunda, héraðsfunda og annarra heimamanna um tillögu um sameiningu Reynivalla- og Mosfellsprestakalla í Kjalarnessprófastsdæmi. Í ljósi umsagna heimamanna hefur biskupafundur ákveðið að falla frá tillögu sinni um sameiningu prestakallanna. Biskup hyggst því auglýsa embættið laust til umsóknar að viðbættum viðbótarskyldum.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að endurskoða haldsbréf vegna prestssetursjarðarinnar Reynivalla og leggja það fyrir næsta kirkjuráðsfund.

b) *Aðalbókari Biskupsstofu lætur af störfum 1. september nk.*

Biskup kynnti tillögu að uppgjöri við aðalbókara Biskupsstofu vegna starfsloka. Kirkjuráð samþykkti uppgjörið og áritaði það.

c) *Fyrirspurn frá kirkjuráðsmanni varðandi framtíðarhúsnæði Biskupsstofu.*

Engar breytingar hafa verið ákveðnar í því sambandi.

d) *Fyrirspurn frá kirkjuráðsmanni varðandi kynningarmál Biskupsstofu.*

Engir samningar hafa verið gerðir í þeim efnum.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:19.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 1. september nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson, ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.